



Tillaga Mirjam Blekkenhorst sveitarstjórnarfulltrúa á fundi sveitarstjórnar 15.05.2025

Eftir 7.október 2023 hef ég verið í sambandi við íbúa á Gaza. Neyðarköllin núna eftir að landamærin hafa verið lokað í meira en 8 vikur eru átakanleg. Ekkert hefur komið inn, hvorki matur, hjúkrunarvörur eða aðra nauðsynjar. Neyðin eykst og þeim fjölga sem þurfa aðstoð.

Ég hef fylgst með vinum á Gaza og ástandið er verra en nokkurn grunar. Foreldrar eru að neita sér um mat til að geta gefið börnum sínum allavega eina smá máltíð á dag.

Það er verið að svelta heila þjóð í hel.

Ég hef greitt af eigin fé háar upphæðir til að aðstoða, en verð á matvælum sem eru af skornum skammti er komið upp úr öllu valdi. Við þurfum fjársterka aðila til að bjarga því sem bjargað verður.

Á meðan hjálparstofnanir komast ekki inn í Gaza verðum við að styrkja með einstaklingsframtaki.

Undirrituð hefur t.d. verið í sambandi við mann af nafni Bilal Aburok.

<https://www.facebook.com/bilal.m.aburok>

Hann er að sjá fyrir fjölskyldu sinni en hefur einnig tekið að sér að sjá rúmlega 20 fjölskyldum í nágrenni við hann fyrir mat og öðrum nauðsynjum.

Eða hún Eman Sameer <https://www.facebook.com/amoona.ana.13115> sem missti manninum sinn í byrjun árasa en sér nú ein fyrir fjölskylduna sína, auk þess sem hún er dugleg að sjá nágrönnum sínum fyrir vatn og brauði.

Svona sögur eru ótalmargar.

Ég vil biðla til sveitarfélagsins að taka t.d. einn eða jafnvel tvo svona einstakling að sér og hjálpa þeim að komast í gegnum þessi ósköp.

Við hljótum að geta lagt til eina milljón króna eða tvær til að koma þessu fólki til bjargar – en ég vil taka fram að hver króna veitir aðstoð. Óvenjulegar tímar kalla á óvenjulegar aðgerðir.

Við verðum að hafa hraðar hendur. Við höfum það í hendi okkar að bjarga mannlífum. Ég er að tala við fólk sem hefur ekkert fengið að borða svo dögum skiptir og börnin þola þetta sérstaklega illa.

Það er verið að fremja óhugnanlega stríðsglæpi og það er okkar skylda að gera það sem við getum til að stöðva þessi þjóðarhreinun.

Ég óska eftir að koma þessu á framfæri og skoða hvað er hægt að gera. Ég get verið milliliður ef á þarf að halda til að koma einhverju af stað.

Mirjam Blekkenhorst
Sveitarstjórnarfulltrúi